

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 250 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1978.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

25. janúar 1978.

Nr. 20.

## **REGLUGERÐ**

### **um loðnuveiðar árið 1978.**

1. gr.

Á tímabilinu 15. mars til 15. maí 1978, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá 20° v.lgd. austur um að línu réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 25 sjómíllur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1978 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipa í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd, ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

4. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 2. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

## 5. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita, að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða á svæðum, þar sem loðnuveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr.

## 6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

## 7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 720.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 1 596.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjóra Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1978.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*